

MENNING

„Gaman að fá viðurkenningu“

Yfirlitssýning og Sjónþing í Gerðubergi um listakonuna Steinu sem hlaut heiðursorðu Sjónlistar

Eftir Skapta Hallgrímsson
skapti@mbl.is

„Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu og sérstaklega frá móðurlandinu,“ sagði listakonun Steina, Steinunn Briem Bjarnadóttir Vasulka, við Morgunblaðið eftir að hún fékk heiðursorðu Sjónlistar við hátíðlega athöfn í Flugsafni Íslands á Akureyri í gærkvöldi.

Steina hefur lengi verið búsett erlendis og vissi ekki hvað Sjónlist var áður en henni var tilkynnt að hún ætti að fá heiðursorðuna. „Ég hafði aldrei heyrt um þetta, en ég er í góðum félagskap með Högnu og Magnúsi,“ sagði Steina. Högna Sigurðardóttir arkitekt hlaut heiðursorðuna í fyrra og Magnús Pálsson myndlistarmaður 2006, þegar Sjónlistahátíðin var fyrst haldin. „Mér, svona gamalli manneskju, finnst ég allt í einu orðin bráðung – af því að þau eru bæði eldri!“ sagði Steina.

Það vakti athygli blaðamanns að Steina var með litla myndbandsupptökuvél og stillti henni þannig upp á borði að hún á nú upptöku af því þegar hún tók á móti heiðursorðunni. „Ég er að vinna að ævisögunni og tek myndir af öllu. Eftir hvað er ekki myndað kemst það ekki að í ævisögunni.“ Hún kveðst hafa safnað slíkum upptökum allar götur frá því hún kynntist miðlinum.

Svo skemmtilega vill til að á morgun, sunnudag, fer fram Sjónþing um Steinu í menningar- miðstöðinni Gerðubergi í Reykjavík og þá verður jafnframt opnuð yfirlitssýning frá tæplega 40 ára ferli hennar sem videolistamanns.

Í mörg ár vissi hún ekki einu sinni að Breiðholt væri til. „Svo heyrði ég talað um það sem eitthvert subbuhverfi, en var voðalega hissa þegar ég kom í Breiðholtið og sá hve vel það er skipulagt og svo er þar þetta dæmalausa Gerðuberg, sem ætti að vera í hverju hverfi í Reykjavík,“ sagði hún í samtali fyrr í gær.

Steina fæddist í Reykjavík árið 1940 og lagði stund á tónlist frá unga aldri. Nítján ára fékk hún styrk til framhaldsnáms í fíðuleik við Tónlistarháskólann í Prag í Tékkóslóvakíu.



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Heiður „Hafði aldrei heyrt um Sjónlist en ég er í góðum félagskap með Högnu og Magnúsi.“

Sjónþingið og yfirlitssýningin í Gerðubergi

Sjónþingið um Steinu í Gerðubergi á morgun hefst kl. 13.30 og stendur til kl. 16. Stjórnandi er Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir, sýningarstjóri en spyrjar eru Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands og Margrét Elísabet Ólafsdóttir, fagurfræðingur. Yfirlitssýningin verður opnuð á sama tíma og stendur til 2. nóvember. Sýningin verður opin virka daga frá kl. 11-17, og um helgar frá 13-16. Að-

gangur er ókeypis og hægt að fá leiðsögn eftir samkomulagi. Steina hefur sýnt víða í Evrópu, Ameríku og Asíu og henni hafa hlötnast ýmsir af helstu styrkjum og viðurkenningum sem veitt eru listamönnum í Bandaríkjunum. Hún var fulltrúi Íslands á Fenejvatværingnum árið 1997 en þar var sýnt verk hennar Orka. Þau hjón Steina og Woody Vasulka hafa búið um árabíl í Santa Fe í Nýja-Mexíkó.

Bragi Ásgeirsson – Sinfónían öll

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Bragi Ásgeirsson – Yfirlitssýning

★★★★★

Opíó alla daga frá 10-17. Sýningu lýkur 16. nóvember. Aðgangur ókeypis.

„AUGNASINFÓNÍA“ er heiti yfirlitssýningar á verkum Braga Ásgeirssonar sem opnuð var um síðustu helgi í Vestursal Kjarvalsstaða – Listasafni Reykjavíkur. Sýningin spannar 60 ára listferil Braga, eða allt aftur til námsáranna. Bragi, sem er fæddur í Reykjavík árið 1931, hóf listnámið við Handíða- og myndlistaskólann árið 1947, þá 16 ára gamall, og þaðan lá leið hans í Listaháskólann í Kaupmannahöfn, Ósló og að lokum til München. Hann hélt sína fyrstu einkasýningu í Listamannaskálanum árið 1955 og ári síðar hóf hann kennslu við Myndlista- og handíðaskóla Íslands sem hann sinnti næstu 40 árin og mótaði m.a. grafíknaðið við skólann.

Bragi starfaði sem myndlistargagnrýnandi hjá Morgunblaðinu frá árinu 1966 til þessa árs, þótt hann hafi látið hefðbundna gagnrýni eiga sig síðustu árin og haldið sig við sunnudagspistla, Sjónspegil, en hann kvaddi lesendur Morgunblaðsins fyrir skömmu með sínum síðasta spegli. Sem pistlahöfundur hefur Bragi verið málsvari klassískra gilda og upprætt almenning um listasöguna. Þessum hluta af framlagi Braga til myndlistar er gerð athyglisverð skil í Norðursalnum, fræðslusal Kjarvalsstaða, undir yfirskriftinni „Bragi í hólf og gólf“.

Meginatriði Augnasinfóníunnar er þó listin sjálf og er sýningunni skipt eftir tímabilum. Bragi hefur hvað helst verið gagnrýndur fyrir að færast úr einu í annað eftir tíðaranda og halda sig ekki við „hinn rauða þráð“. Slík gagnrýni byggist mikið til á módernisku viðhorfi og við hljóti að sjá þetta með öðrum hætti í dag. Hann sýnti vissulega á móti straumnum með að vinna jöfnum höndum í abstrakt og figúrasjón þegar slíkt var bannað. En sviptingar eru þó slíkar að í fyrstu má ætla að verkin séu eftir fleiri en einn listamann. En margt býr í einum manni og þegar maður gefur verkunum nánari gaum má sjá augljósan þráð (sem er reyndar grænn en ekki rauður) því Bragi er ætíð að



Augnasinfónía „Hann synti vissulega á móti straumnum með að vinna jöfnum höndum í abstrakt og figúrasjón þegar slíkt var bannað.“

kljást við sömu klassisku gildin í hlutföllum byggingar, formum og áferð.

Sinfónían

Á ganginum á Kjarvalsstöðum eru verk sem listamaðurinn gerði á námsárum sínum, s.s. fyrsta grafíkverkið, sjálfmynd í dúkrístu árið 1952. Þetta er forspil (Prelude) Augnasinfóníunnar þar sem kemur glögg í ljós hversu snjall teiknari listamaðurinn hefur verið strax í upphafi. Má sjá sterk áhrif frá meisturum módernismans, Mattisse, Picasso, Klee o.fl.

Vestursalnum er svo skipt í fernt og tengist fyrsti hluti hans líka námsárumum. Hér er það tignmannelmi konunnar sem birtist í vönduðum myndum, Maestoso Andante, en Bragi hefur lengi fengist við „gyðjuna“ af blendinni virðingu og ótta (vitna hér að hluta í Braga sjálfan).

Annar þáttur Augnasinfóníunnar sýnir geometrisk verk listamannsins en þar gætir m.a. áhrifa frá gestalt skynheildarfræðum sem kemur fram hjá listamönnum á borð við Max Bill og Gunther Fruthrunk. Með geometríunni stígur Bragi inn á helgari svið, t.d. með tillögu að skreytingu í Skálholtskirkju og sinfónían fær á sig nýjan hljóð, Candata Allegretto.

Í þriðja þætti er klastrinu (combined painting) gerð góð skil og er þessu tímabili hans hampað sérstaklega í inngangi Hafþórs Yngvasonar í sýningaraskránni, sem hápunktur sinfóníunnar, Sforzando Allegro. Hér gegnir Bragi líka frumkvöðlastarfi í Íslenskríu listasögu með notkun á tilbúnum hlutum (found art/junk art) s.s. brotnum dúkkum, áprentuðum myndum úr listasögubókum og ýmsu dóti sem hefur rekið á fjöru hans.

Fjórði þátturinn er svo tileinkaður nýrri verkum Braga, en eftir að hafa unnið með fundna hluti í tæpa tvo áratugi sneri hann sér aftur að málverkinu. Litir verða skarpari og tónar birtast í efninu sjálfu og þótt geometrían sé enn viðloðandi hafa fletir flosað upp í litafæmi og áferðin farið að tala sínu máli. Má m.a. finna þarna samsvörum málverka við grafíkuna. Þ.e. í lagskiptingu efnis og teikningu í efnid, líkt og með nál í plötu fyrir ætingu. Þetta er loka-kaffinn í Augnasinfóníunni, Espressione Allegretto.

Eftirspil

Þessi kaflaskipting virkar vel. Maður getur staðið í salnum og séð til beggja enda og þannig drepið á ferilinn í einni svipan en svo gengið á milli og rýnt í hvert tímabil fyrir sig. Hér kemur sýningarstjórn við sögu, en því starfi hefur Þóróddur Bjarnason, myndlistarmaður og fyrri- um starfsbróðir Braga á Morgunblaðinu, sinnt mjög vel.

Þóróddur er einnig höfundur bókar um listamanninn sem er gefin út í tilefni af sýningunni. Þóróddur starfaði lengi sem blaðamaður og heldur sig við það form. Textinn er í viðtalsformi þar sem Bragi segir frá ferli sínum og inn í hann spilar Þóróddur önnur brot úr æviskeiði listamannsins auk tilvitnana í eldri texta sem þjóðkunnir menn á borð við Valtý Pétursson, Halldór Björn Runólfsson og Halldór Laxness hafa ritað um listamanninn, að ógleymsdu ljóði

Par kynntist hún tilvonandi eiginmanni sínum Woody Vasulka, vélaverkfræðingi sem lagði stund á kvikmyndagerð og giftu þau sig árið 1964. Steina starfaði um skeið sem fíðuleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands en flutti síðan til New York með manni sínum.

Þegar Steina er spurð hvernig það hafi atvikast að hún gerðist videolistamaður – ein af þeim fyrstu í veröldinni – segir hún það hafa verið mikla heppni. „Ég var orðin dauðþreytt á að spila á fiðlu. Það er ekkert gaman að spila á fiðlu í New York; bara farið úr einni hljómsveit í aðra og helst spiluð alls konar söngleikjámúsík og ég var dauðþreytt, en vissi ekki nákvæmlega hvað ég ætlaði að gera næst.“

Woody, eiginmaður Steinu, sem var kvikmyndagerðarmaður, var farinn að kynna sér videoið; myndbandið, og fékk vinnuveitanda sinn til þess að kaupa græjur. „Við lágum í þessum tækjum og það leið ekki langur tími þar til ég var orðinn vitlaus í þetta líka, og þá urðum við að hætta að vinna annars staðar og fara út í þetta! Það var seint á árinu ’69.“

Verkin sem sýnd verða í Gerðubergi eru allt frá upphafi ferilsins til dagsins í dag.

Steina segir það hafa verið geysilega spennandi á sínum tíma að kynna videoinu. Hún gat farið út um allt og spurtt fólk hvort hún mætti taka það upp.

Á hvað? var spurt.

Á video, svaraði Steina.

Video! Hvað þýðir það orð? var þá spurt.

„Fólk áttaði sig ekki á því að þetta var mynd og hljóð. Maður gat farið hvert sem var með videovélina og tekið upp. Ég náði í margt skemmtilegt; t.d. tók ég upp tvo klukkutíma þar sem Miles Davis spilaði. Ég kom til að taka upp aðra grúppu og hélt áfram eftir að hann byrjaði. Þá urðu allir dauðskelkaðir því hann var frægur fyrir að kýla fólk. Ég sagði að hann myndi varla kýla konu, en svo kom í ljós að hann hafði barið allar sínar eigin konur ...“ En Steina slapp, og á þess vegna tveggja klukkutíma upptöku af tónlistarmanninum fræga. „Mjög skemmtilegt myndband,“ segir hún.

Matthíasar Johannessens tileinkuðu Braga, „Smásjá hugans – Ferðalag frá einni hugmynd til annarrar“.

Líkt og á sýningunni er bókinni skipt í tímabil. Byrjar á mótunarárunum sem byggjast mikið til á ferðalögum og ljóst að Bragi hefur sogað að sér áhrif ólíkra menningarstrauma. Sagan heldur áfram gegnum grafíkuna, klastríð (sem kallað er popptímabilið) og málverkið. Í síðasta kafla bókarinnar, Lífið og tilveran, segir Bragi frá raunum þeim að vera heyrnarlaus og fær mann sannarlega til að skoða list hans með öðru hugarfari.

Þetta er skemmtileg og fræðandi lesning, myndskreytt með myndum af verkum Braga og sem slík fantagóð heimild sem virkar ágætlega sem eftirspil (Postlude) sinfóníunnar. Helst sakna ég þó sjónræna líkinga við alþjóðlega listamenn, en eins og Þóróddur greindi sjálfur frá í þættinum Sjálfstætt fólk á Stöð 2 ber okkur að horfa á Braga sem alþjóðlegan listamann.

Röng hlutföll

Það er augljóslega mikil undirbúningsvinna við sýninguna. Vel er valið úr verkum og þótt ég hafi séð mörg þeirra áður kom sýningin mér samt á óvart og gaf mér enn dýpri innsýn í list Braga enda kærkomið tækifæri til að endurmeta framlag hans til myndlistar og sjá verk hans í nýju ljósi.

Ég er líka á því að þetta yfirlit sé mjög vel tímasett því að aukinn og ferskur áhugi virðist vera að vakna hjá ungu fólki á listamönnum sem voru að störfum fyrir SÚM tímabilið. Klesulistahreiddrið tókst til að mynda mjög vel í Listasafni ASÍ í vetur og sýningin á verkum Kristjánar Davíðssonar í Listasafni Íslands var smellur í fyrria.

Eini ljóðurinn á sýningunni er hversu lítil hún er. Og er það að mörgu leyti undarlegt og þínu púkö, úr því að á annað borð er verið að hafa yfirlit á ríkulegum 60 ára listferli með bók og heilmiklu tilstandi, að miða það bara við einn sal. Þarna eru augljóslega röng hlutföll miðað við byggingu og form. Og hefði betur mátt gefa Kjarval smáfrí í Austursalnum og helga Kjarvalsstaði Braga Ásgeirssyni í þessa tvo mánuði af eilífðinni. Þetta á jú að vera sinfónían öll.

Jón B. K. Ransu